



## Reglur Skaftárhrepps um birtingu fylgigagna með fundargerðum sveitarstjórnar á heimasíðu sveitarfélagsins.

### 1. gr.

Almenn fylgigögn með málum til afgreiðslu á sveitarstjórnarfundum skal birta á heimasíðu Skaftárhrepps. Skulu þau að öllu jöfnu staðsett undir viðkomandi dagskrárlið.

### 2. gr.

Fylgigögn eru sett inn á sama tíma og fundargerð sveitarstjórnar og skal það gerast eins fljótt og auðið er eftir að sveitarstjórnarfundur lýkur.

### 3. gr.

Með sama hætti og í 1. grein skal birta með fundargerðum gögn sem lögð eru fram til kynningar á sveitarstjórnarfundum.

### 4. gr.

Ekki eru birt á heimasíðu gögn sem falla undir undanþágur og takmarkanir í 6., 7., 8., 9. og 10. greinar upplýsingalaga nr. 140/2012, svo sem gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari sem og gögn sem lögbundin þagnarskylda gildir um.

### 5. gr.

Ef aðili sem sendir inn erindi til sveitarstjórnar óskar eftir að gögn því tengd verði ekki birt á heimasíðu skal sveitarstjórn fjalla um það sérstaklega.

### 6. gr.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Reglur þessar voru samþykktar á 480. fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps, þann 7. september 2022.

  
Einar Kristján Jónsson,  
sveitarstjóri

